

69.fundur Hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis

Haldinn á Kaffi-Ilm þann 3.desember 2013.

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Guðmundur Geirsson, Helgi Stefánsson og Óskar Ingi Sigurðsson.

1. Fulltrúi okkar í skólaráði Glerárskóla er Sigrún Elva Briem og hafði hún sagt formanni að á síðasta fundi hjá ráðinu hefði verið rætt um umferðaröryggi barna við skólann. Tilefni þess var umferðarslys á dreng úr skólanum en vísað er í fundargerð nr. 68 hjá hverfisnefndinni er það mál varðar. Sigrún tjáði skólaráði að erindi væri til skoðunar hjá bæjarráði frá hverfisnefndinni.
2. Formaður setti saman lista um öll þau hús í Holta og hlíðahverfi sem skráð eru hjá ja.is og fór eftir samantekt húsa frá Akureyrarbæ, þegar deiluskipulag hverfisins var kynnt. Húsin reyndust 53 og ákveðið var á þessum fundi að senda þessum eigendum svohljóðandi bréf.
„Kæri húseigandi. Komið hefur upp sú hugmynd að merkja öll hús í hverfinu okkar, sem eiga sér nafn sem er eldra en götuheiti. Hverfisnefndin hefur hug á að greiða fyrir skiltið en húseigandi þarf sjálfur að sjá um uppsetningu. Haft verður samband við húseigendur frá hverfisnefndarmönnum á mánudagskvöldið 9.desember símleiðis og athugað hvort áhugi sé fyrir hendi fyrir slíku skilti.
Ákveðið er að ganga í þetta verk fyrir 9.des.
3. Listinn yfir gömul hús í Holta og hlíðahverfi er svohljóðandi:
Sólvangur- Árgerði – Árnes- Sólheimar – Barð – Hátún – Bandagerði I – Bandagerði II – Harðangur – Melgerði – Hjarðarholt – Skútar – Hraun – Sjónarhóll – Sunnuhvoll- Viðarholt – Steinness – Lundgarður – Brautarhóll – Grund – Fell – Hof – Brautarholt – Bergstaðir – Lyngholt – Fagranes- Straumnes – Kristnes – Sandnes – Árbrekka – Steinholt – Lynghóll – Fögruvellir – Byrgi – Eyri – Sandgerði – Lundeyri – Sæberg – Jötunfell – Sæborg – Glerárholt – Holtakot – Jaðar – Brekka – Ásbyrgi – Litla Hlíð – Höfði – Höfðabrekka – Sólbakki – Árholt – Grímsstaðir – Steinastaðir og Höfðaborg.
Nefndin gerir sér grein fyrir að kannski eru ekki öll nöfnin rétt sem og að þetta sé alls ekki tæmandi listi yfir öll gömlu húsin í hverfinu okkar.
4. Rætt er á þessum fundi hvað skal gera ef fólk hefur almennt ekki áhuga og hvort fjármunum frá Akureyrarbæ til hverfisnefndar sé rétt varið í þetta verkefni. Enn er rætt um verklagsreglur fyrir fjárveitinguna og hvort eyða þurfi peningunum fyrir áramót og ef ekki tekst að gera það, hvort þessir fjármunir muni þá verða af nefndinni tekin.

Ekki fleira rætt á fundinum og næsti fundur er 7.janúar 2014.

Berglind Rafnsdóttir skráir

Eftir fundinn hefur margt gerst og vil ég setja með í fundargerðina það helsta.

Fyrst er að nefna að nefndinni hefur borist bréf frá Skipulagsstjóra þar sem bæjarráð vísaði fundargerð 68.fundar nefndarinnar til skipulagsnefndar. Í bréfinu kemur fram að „*Skipulagsnefnd felur skipulagsstjóra að setja í gang ráðgjafarvinnu þar sem skoðuð verði sérstaklega aðgengis- og umferðaröryggismál við grunnskóla Akureyrar með úrbætur í huga.*

Fagnar nefndin þessu og ítrekar ósk um að 30 km merki verði sett víðar í hverfið en nú er. Sérstaklega í Skarðshlíðarhringinn, í og við Glerárskóla, við leikskólann og Þórssvæðið.

Formaður fór á fund með Jóni Birgi Gunnlaugssyni, framkvæmdadeild og fór yfir með honum hvað skyldi gera með fjármuni frá Akureyrarbæ. Ekki eru komnar neinar verklagsreglur en Jón Birgir tjáði formanni að gera þyrfti grein fyrir notkun fjárens fyrir lok ársins 2013. Saman ákváðu þau að kaupa 5 bekki til að setja víðsvegar í hverfið. Einnig ræddu þau um Seljagarðinn og tilvist hans á ný. Búið er að samþykkja að gera hann að útivistarsvæði og ætlar Akureyrarbær að setja þar bekk og grill. Hverfisnefndin vill auka við bekk þarna og jafnvel skoða að fá mörk svo hægt sé að vera í fótbolta. Rætt var um skiltamálið (sjá hér að ofan nr.2) og vill hverfisnefnd setja restina af fjármunum sínum (eftirstöðvar af kr.2.000.000) í þessa merkinu á gömlum húsum í hverfinu.

Lokaniðurstaða vegna fjárveitingar Akureyrarbæjar árið 2013 kr. 2.000.000 er að búið er að gefa runna í útiskóla Glerárskóla (kvenfélagsgarðinn) kr. 375.000, panta 5 bekki og auka borð/bekk í Seljagarðinn. Rest skal sett í skiltaverkefnið.

Nefndin ræddi saman um skiltamálið í gegnum tölvupóst og ljóst er að almenn ánægja meðal húseigenda er með framtak nefndarinnar. Einnig kom upp í gegnum tölvupóst milli nefndarinnar að ljóst væri að þessum fjármunum frá Akureyrarbæ yrði ekki eytt fyrir áramót þar sem ljóst er, að þarft er að halda hverfisfund vegna þessa máls og að hann yrði aldrei fyrr en í janúar. Óskar Ingi fór því og ræddi við Odd Helga bæjarfulltrúa og óskaði eftir lausn á þessu máli, varðandi fjármunina. Úr varð að boðað var til fundar með öllum hverfisnefndum og frá bænum áttu að mæta Oddur Helgi formaður framkvæmdaráðs, Helgi Már og Jón Birgir Gunnlaugsson ásamt Dagnýju.

Þessi fundur fór fram mánudaginn 16.des kl. 17:00 í Ráðhúsinu en því miður var Oddur Helgi veikur og gat því ekki verið með. Á fundinum var mikið rætt um að fá verklagsreglur um þetta fjármagn frá bænum og hvort hægt væri að fá óeyddu fjármagni lagt á bók eða frestað með einhverjum hætti. Vonandi fæst svar við því fyrir áramótin. Þessi fundur var mjög svo þarfur fannst öllum þeim sem á hann mættu.